



6. fundur stjórnar SSA 13. nóvember 2018

Fundurinn hófst kl. 12:00 í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði.

Boðið var upp á léttar veitingar í upphafi fundarins.

Mætt voru stjórnarmennirnir Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson formaður stýrði fundi. Hann setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 5. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir frá 1. og 2. fundi framkvæmdaráðs lagðar fram til kynningar.
- 1.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 735 og 736), SASS (537 og 538), Eyþings (311, 312 og 313) og SSH (461 og 462) ásamt ályktunum 3. haustþings FV.
- 1.4. Fundargerðir 864. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 10. október 2018, samráðsfundar 12. október og fundargerð landsþings 2018.
- 1.5. Fundargerð 47. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 24. september 2018.
- 1.6. Fundargerð 144. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 23. október 2018.
- 1.7. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA frá 5. október 2018 lögð fram til kynningar.
- 1.8. Fundargerð samgöngunefndar SSA lögð fram.
- 1.9. Fundargerð starfshóps um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna og beiðni um framlengingu á skiladegi.
- 1.10. Fundargerðir 90. og 91. funda stjórnar Austurbrúar.

2. Innra starf SSA

- 2.1. Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnir fjárhagsáætlun 2019 og stöðu 2018.
- 2.2. Fundarplan stjórnar.
- 2.3. Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags.

3. Almenningsamgöngur

- 3.1. Fundargerðir SvAust frá 30. ágúst, 14. sept., 9. okt., 23. okt. og 31. okt. lagðar fram til kynningar.
- 3.2. Hilmar Gunnlaugsson lögmaður Sóknar kynnir dómsmál við Sternu.
- 3.3. Samningar við Vegagerðina.
- 3.4. Ráðstöfun afgangis viðbótarstyrks Vegagerðarinnar vegna almenningsamgangna.

4. Samstarf SSA og Austurbrúar

- 4.1. Ályktun aðalfundar SSA 2018 og vinna út frá henni.

5. Sóknaráætlun og Byggðaáætlun

- 5.1. Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands.
- 5.2. Fundur með stýrihóp Stjórnarráðsins 30. október 2018.
- 5.3. Framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (aðgerð C.1).
- 5.4. Verkefnalýsing C.9 – Náttúruvernd og efling byggða.

6. Önnur mál.

- 6.1. Formaður segir frá byggðaráðstefnu 2018.
- 6.2. Formaður segir frá fundum með landshlutasamtökunum og stjórn Sambandsins.
- 6.3. Formaður segir frá fundum með samgöngunefnd Alþingis og fjárlaganefnd Alþingis.
- 6.4. Gunnar Jónsson segir frá fundi um stöðu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 5. fundi stjórnar SSA 2018-2019 var lögð fram til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir frá 1. og 2. fundi framkvæmdaráðs voru lagðar fram til kynningar og staðfestingar.
- 1.3 Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 735 og 736), SASS (537 og 538), Eyþings (311, 312 og 313) og SSH (461 og 462) ásamt ályktunum 3. haustþings FV voru lagðar fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerðir 864. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 10. október 2018, samráðsfundar 12. október og fundargerð landsþings 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.5 Fundargerð 47. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 24. september 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.6 Fundargerð 144. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 23. október 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.7 Fundargerð svæðisskipulagsnefndar SSA frá 5. október 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.8 Fundargerð samgöngunefndar SSA var lögð fram til kynningar. Þegar formaður samgönguráðs mætir á fund stjórnar SSA munu formaður og varaformaður samgöngunefndar SSA fá boð á þann fund.
- 1.9 Fundargerð starfshóps um endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna var lögð fram til kynningar. Stjórn tekur undir beiðni um framlengingu á skiladegi en biður starfshópin að hraða vinnunni eins og kostur er og skila eigi síðar en 1. mars.
- 1.10 Fundargerðir 90. og 91. fundar stjórnar Austurbrúar voru lagðar fram til kynningar.

2 Innra starf SSA

- 2.1 Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti fjárhagsstöðu SSA sem er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi 2017.
- 2.2 Fundarplan stjórnar. Farið var yfir fundarplanið og því vísað til framkvæmdaráðs.
- 2.3 Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags. Framkvæmdaráði var falið að ganga frá samningunum.

3 Almenningsamgöngur

- 3.1 Fundargerðir SvAust frá 30. ágúst, 14. sept., 9. okt., 23. okt. og 31. okt. voru lagðar fram til kynningar.

- 3.2 Hilmar Gunnlaugsson lögmaður Sóknar kynnti dómsmál við Sternu og fór yfir feril þess fram á þennan dag. Dómkvaddir yfirmatsaðilar hafa verið kallaðir til að meta hluta málsins á ný og mun Hilmar fara á fund þeirra á morgun.
- 3.3 Samningar við Vegagerðina. Sagt var frá að samningar renni út um áramótin og að SvAust hafi fengið yfirlýsingu frá Vegagerðinni varðandi framhald á samningi til eins árs. Stjórn SSA felur stjórn SvAust að ljúka samningagerð við Vegagerðina og akstursaðila.
- 3.4 Ráðstöfun afgangssviðbótarstyrks Vegagerðarinnar vegna almenningsamgangna. Framkvæmdaráði var falið að afgreiða þessa ráðstöfun að fengnum fjárhagsupplýsingum frá SvAust.

4 Samstarf SSA og Austurbrúar

- 4.1 Ályktun aðalfundar SSA 2018 og vinna út frá henni. Formaður reifaði vinnu framkvæmdaráðsins varðandi ályktunina þar sem meðal annars kom fram að málið hefur verið rætt í stjórn Austurbrúar. Gert er ráð fyrir að boðað verði til fundar í fulltrúaráði Austurbrúar 27. nóvember nk.

5 Sóknaráætlun og Bygðaaætlun

- 5.1 Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Formaður sagði frá skipun í úthlutunarnefnd og fagráð. Stjórn veitti úthlutunarnefnd og fagráðum umboð til að gera breytingatillögur á matsblaði og senda til framkvæmdaráðs til umfjöllunar og afgreiðslu.
- 5.2 Fundur með stýrihóp Stjórnarráðsins 30. október 2018. Verkefnastjóri sagði frá fundinum sem hún sótti ásamt verkefnastjóra menningarmála og framkvæmdastjóra Austurbrúar. Þar var meðal rætt um endurskoðun samnings um sóknaráætlun og árangur núverandi samnings. Endurskoðun mun fara fram á vorönn 2019.
- 5.3 Framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlansvæða (aðgerð C.1). Formaður fór yfir verkefni sem fengu úthlutuðum styrkjum 2018. Tvö verkefni SSA fengu styrki. Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði 5 milljónir og Menningarbærinn Seyðisfjörður 15 milljónir. Stjórn mun óska eftir rökstuðningi fyrir úthlutuninni.
- 5.4 Verkefnalýsing C.9 – Náttúruvernd og efling byggða. Farið var yfir upplýsingar sem borist hafa um verkefnið. Verkefnastjóra var falið að leita eftir ítarlegri upplýsingum um verkefnið.

6 Önnur mál.

- 6.1. Formaður sagði frá byggðaráðstefnu 2018 sem haldin var í Stykkishólmi 17. október og hann sat. Yfirskriftin var Byggðaþróun og umhverfismál. Umfjöllun má sjá á <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/byggdaradstefnan-2019>
- 6.2. Formaður sagði frá fundum með landshlutasamtökunum og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldnir voru í október. Á fundi með landshlutasamtökunum var farið yfir ýmis sameiginleg málefni, almenningsamgöngur, byggðaaætlun, endurskoðun sóknaráætlana, fjármálaáætlun og samráð ríkisins við sveitarfélög/landshlutasamtök og samstarf landshlutasamtaka og annarra samstarfsstofnana í landshlutunum. Einnig var sagt frá störfum nefndar sem fer yfir hlutverk landshlutasamtakanna. Á fundi með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga var farið yfir verkefni hjá landshlutasamtökunum, hverju og einu.

- 6.3. Formaður sagði frá fundum með samgöngunefnd Alþingis og fjárlaganefnd Alþingis. Formaður fylgdi umsögnum SSA úr hlaði á fundunum. Formaður mætti ásamt verkefnastjóra sveitarstjórnarmála og framkvæmdastjóra Austurbrúar á fund fjárlaganefndar. Á fund samgöngunefndar fór formaður auk þriggja annarra stjórnarmanna ásamt öðrum fulltrúum þeirra sveitarfélaga á Austurlandi sem fengu boð á fundinn.
- 6.4. Gunnar Jónsson sagði frá fundi um stöðu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Rætt var um stöðu skólans og framtíðarsýn.
- 6.5. Rætt var um samstarf við N4 um kynningarmál landshlutans.
- 6.6. Rætt var um framtíð verkefnisins Egilsstaðaflugvöllur sem alþjóðaflugvallar.
- 6.7. Formaður sagði frá fundi um innanlandsflug sem boðaður var í dag og verður haldinn á fimmtudaginn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Hann mun mæta á fundinn auk þess sem verkefnastjóri sveitarstjórnarmála verður með í síma.
- 6.8. Lagt var fram erindi frá Sigrúnu Blöndal þar sem hún segir sig frá setu í stjórn Vinnumarkaðsráðs Austurlands en hún tók við stjórnarsetu sem varamaður Valdimars O. Hermannssonar þegar hann flutti af svæðinu. Framkvæmdaráði var falið að skipa aðalmann og varamann í ráðið.
- 6.9. Rætt var um að varamenn fái fundarboð, dagskrá og fundargögn. Verkefnastjóri mun gera það framvegis.

Fundi slitið kl. 17:00.